

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/420
komudagur 1.12.2006



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Alþingi - iðnaðarnefnd
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110012
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál.

Eftirfarandi er umfjöllun og athugasemdir Orkustofnunar við greinargerð með tillögunni:

1 Í nefndri skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumál eru dregnar fram þær breytingar sem fram voru komnar á raforkuverði við innleiðingu samkeppnisumhverfis, við útgáfu skýrslunnar. Á myndum á bls. 22, 23 og 25 koma fram breytingar hjá almennum notendum sem og fyrirtækjum á afltaxta. Rétt er þó að hafa í huga að samkeppnisumhverfi fyrir almenna heimilisnotendur fór ekki að virka fyrir en um mitt ár 2006 og lækkaði verð til heimila eða stóð í stað við þann atburð.

2 Varasamt er að draga of viðtækar ályktanir af einföldum samanburði við erlend heimili. Þannig var íslenska krónan allsterk í sögulegu samhengi og hefur veikst um rúm 10% bæði gagnvart evru og gengisvísitölu síðan í upphafi árs 2005. Þessu til viðbótar hafa orðið nokkrar hækkningar erlendis síðan. Raforkuverð á Íslandi er sambærilegt og í dag jafnvel heldur lægra en í samanburðarlöndunum.

3 Nefna má þrjá hópa sem komu illa út úr þeim breytingum sem urðu samhliða innleiðingu samkeppnisumhverfis. Þessir hópar áttu það sammerkt að vera að borga hvað lægst fyrir orkueiningu áður. Þeir eru a) notendur rafmagns til húshitunar, b) notendur á rofnum töxtum og c) notendur ótryggrar raforku.

Með innleiðingu raforkulaga er einkaleyfisskyldum fyrirtækjum (dreifiveitum) bannað að mismuna notendum eftir því til hvers þeir hyggjast nota orkuna. Þetta þýðir að vald til að hygla einstökum notendahópum á kostnað annarra er tekið frá dreifingarfyrirtækjunum og ábyrgðin færð til stjórnvalda, sem ákveður niðurgreiðslur ef þeirra er talin þörf.

a) Rafhitanotendur eru hópur sem hafði fengið rafmagn á töluvert lægra verði en aðrir notendur. Var þessi afsláttur af þrennum toga, frá rafmagnsveitunum sjálfum, frá Landsvirkjun og að lokum sem niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði til heimila úr ríkissjóði. Rafmagnsveitureikningnum er nú skipt í tvennt, fyrir dreifingu og flutning annars vegar og raforkusölu hins vegar, og er dreifiveitum óheimilt að láta aðra notendur standa undir dreifingu rafmagnsins. Sumar rafveiturnar, s.s. Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Húsavíkur bjóða þó rafhitanotendum afsláttarkjör í raforkusölu sjálfri. Landsvirkjun felldi niður

afslátt á rafmagni til húshitunar en á móti komu stórauðnar niðurgreiðslur ríkissjóðs til heimilishitunar. Heildarniðurstaðan er að raforkukostnaður heimila með jafnvel umtalsverða rafhitun (40 þús. kWh á ári) hefur staðið í stað eða lækkað m.v. verðlagsbreytingar annars staðar en í dreifbýli á Vestfjörðum en þar hefur dreifingarkostnaður hækkað um ca. 10% umfram verðlag, en í dreifbýli á Vestfjörðum eru innan við 300 heimili eða um 2% rafhitanotenda. Þar sem atvinnurekstur á almennt ekki rétt á niðurgreiðslum vegna húshitunar urðu hækkanir þar hins vegar umtalsverðar.

b) Við það að rafveitur þurftu að skilja í sundur kostnað vegna flutnings og dreifingar á raforku, annars vegar og sölu hins vegar, kom í ljós að vissir taxtar annað hvort stóðu ekki eða varla undir orkusölnunni einni, þ.e. því rafmagni sem rafveitan þurfti að kaupa af Landsvirkjun eða öðrum birgjum til að standa skil á rafmagni til þessara notenda. Þessir taxtar voru svokallaðir rofnir eða tímaháðir taxtar. Því virðist vera sem að þessir taxtar hafa verið afar óskynsamlega verðlagðir í fyrra umhverfi og hafa því oft verið annað hvort felldir niður eða aðlagðir. Þessi ráðstöfun er óbein afleiðing samkeppnisumhverfis enda eru taxtar nú gagnsærri en áður. Þau fyrirtæki sem nutu þessarar óvenjulegu fyrirgreiðslu áður bera vissulega skarðan hlut frá borði. Í sama flokki voru gróðurhúsabændur með raflýsingu en landbúnaðarráðuneytið veitir nú ca. 100 millj. kr. árlega í niðurgreiðslur á raforkunotkun í gróðurhúsum.

c) Verð á ótryggi orku hefur hækkað nokkuð eins og sjá má á bls. 26 í Raforkuskýrslu iðnaðarráðherra. Landsvirkjun hefur vegna óvissu í vatnabúskap oftast orku umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sú umframorka hefur verið notuð til að minnka notkun á olíu til brennslu, s.s. í loðnubræðslu, mjólkuriðnaði og kyntum hitaveitum. Segja má að þessi orka sé sú eina sem er í beinni samkeppni við umheiminn enda geta flestir notendur hennar skipt yfir í olíubrennslu ef breytingar verða á orkuverði. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur þó hækkað töluvert meira en ótrygga orkan þannig að ekki hefur borið á aukinni eldsneytisnotkun.

Flest fyrirtæki eru þó á almennum töxtum eða afltöxtum og hefur verðlag til þeirra (að undanskilinni húshitun) alls staðar lækkað m.v. verðlagsbreytingar nema á Suðurnesjum, hvar það var lægst á landinu áður. Í heild má segja að þeir sem verða fyrir mestu hækkingunum eru þeir sem voru að borga minnst, jafnvel of lítið, fyrir hverja orkueiningu áður.


4 Ekki er rétt að raforkuverð til búrekstrar bændu hafi hækkað. Þvert á móti lækkaði verð víðast. Á móti kemur að margir bændur nota rafmagn til húshitunar og af þeim völdum urðu þeir í heildina fyrir nokkrum hækkingum. Eingöngu bændur í dreifbýli á Vestfjörðum (130 af áður nefndum 300 notendum á Vestfjörðum) og bændur með mikla óniðurgreiðsluhæfa húshitun svo sem ferðaþjónustubændur hafa þó orðið að þola raunhækkun frá innleiðingu kerfisins. Þess má geta að bændur á köldum svæðum eru gjarnan í samkeppni við hótél á sömu svæðum sem eru heldur ekki niðurgreiðsluhæf og því standa ferðaþjónustuaðilar á köldum svæðum jafnfætis innbyrðis.

5 Í heild má segja að raforkuverð hafi almennt hækkað, en þó verulega minna en almennar verðlagsbreytingar frá innleiðingu samkeppnisumhverfisins. Undantekningarnar eru þó víða, þannig lækka ýmsir töluvert á meðan aðrir hækka meira s.s. aðilar með óniðurgreiðsluhæfa húshitun eða óeðlilega mikla húshitun (gjarnan illa einangruð hús), fyrirtæki áður á sértöxtum sem ekki stóðu undir sér (t.d. bakarar) og notendur ótryggrar orku. Má skýra almenna hækkingu með auknum kostnaði sem felst í aðskilnaði bókhalds og rekstrar fyrirtækjanna, eftirliti með framkvæmd raforkulaganna, innleiðingu miðlægs uppgjörskerfis og kostnaði við markaðssetningu. Þá má vera ljóst að fyrirtækin notuðu tækifærið sem umrót taxtabreytinga olli með því að bæta eigin arðsemi, en arðsemi rafveitna og orkufyrirtækja hafði verið afleit árin á undan. Þar sem nánast öll fyrirtækin eru í opinberri eigu þýðir það að borgararnir þurfa því síður að borga með þeim á öðrum vettvangi. Orkustofnun telur að sú

endurskoðun taxta sem urðu í kringum breytingarnar skili almennt sanngjarnari og gagnsærri uppbyggingu taxta en áður.

6 Orkustofnun er þeirrar skoðunar að leggja beri aukna áherslu á að kanna möguleika til nýtingar jarðvarma á svæðum sem áður hafa verið talin köld eða með nýtingu annarrar tækni s.s. varmadælna. Slík nýting dregur ekki aðeins úr kostnaði ríkissjóðs af niðurgreiðslum heldur lækkar einnig kyndikostnað óniðurgreiðsluhæfra lögaðila. Þá væri að mati Orkustofnunar rétt að veita frekar styrki til bættrar einangrunar og draga þar með úr orkunotkun en að auka beinar niðurgreiðslur til hitunar húsnæðis.

Virðingarfyllt



Elín Smáradóttir

Haukur Eggertsson